

AUGLÝSING
um framlengingu banns við innflutningi frá Hollandi
vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá hollenskum dýrasjúkdóma-
yfirvöldum um upprætingu Avian Influensu í Hollandi, sem er skæður fuglasjúkdómur sem
borist getur í menn og ekki hefur greinst á Íslandi, er bann það sem sett var 7. mars sl. við
innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi
framlengt til mánudagsins 16. júní 2003.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um
dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og
varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 16.
júní 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. apríl 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.